



# Fréttabréf Brekkuskóla

5. desember 2012  
2. tbl. skólaárið 2012- 2013  
Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

## Ágæta skólasamfélag

Þá er desember genginn í garð með tilheyrandi uppbroti, mánuður sem gott er að njóta. Hér í skólanum er allt að ganga sinn vanagang og einhverjir nemendur farnir að telja niður skóladagana í jólafríið. Eins og þið sjáið hér í fréttabréfinu þá er ýmislegt skemmtileg í gangi í skólanum í jólamánuðinum. Við erum nú búin að fá í hús niðurstöður úr samræmdum könnunarprófum hjá 4., 7. og 10. bekk sem sjá má hér að neðan.

Með von um ánægjulega aðventu - *Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri*

| 10. bekkur           | Prófseinkunn     | Raðeinkunn | Normaldreifð eink. |
|----------------------|------------------|------------|--------------------|
| Íslenska, meðaltal   | 6,7 (6,4)        | 56,6       | 31,7               |
| Enska, meðaltal      | 6,9 (6,6)        | 55,9       | 32,0               |
| Stærðfræði, meðaltal | 6,8 (6,5)        | 55,4       | 31,4               |
| Landið, meðaltal     | (landið í sviga) | 50         | 30                 |
| 7. bekkur            | Prófseinkunn     | Raðeinkunn | Normaldreifð eink. |
| Íslenska, meðaltal   | 6,7 (6,6)        | 56,6       | 31,6               |
| Stærðfræði, meðaltal | 6,9 (6,9)        | 46,7       | 29,3               |
| Landið, meðaltal     | (landið í sviga) | 50         | 30                 |
| 4. bekkur            | Prófseinkunn     | Raðeinkunn | Normaldreifð eink. |
| Íslenska, meðaltal   | 6,3 (6,1)        | 49,6       | 29,92              |
| Stærðfræði, meðaltal | 6,7 (6,9)        | 44,9       | 28,3               |
| Landið, meðaltal     | (landið í sviga) | 50         | 30                 |

## Litlu jólin

Frístund opnar kl.08:00 fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **2., 4., og 9. bekk** mæta klukkan **08:00** í heimastofur. Klukkan 09:00 koma þau á sal skólans, þar sem verður dansað í kringum jólatré. Skóladegi lýkur klukkan 10:00 og Frístund opnar þá fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **3., 6., 7. og 8. bekk** mæta klukkan **09:00** í heimastofur. Klukkan 10:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 11:00 og Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Nemendur í **1., 5. og 10. bekk** mæta klukkan **10:00** í heimastofur. Klukkan 11:00 koma þau á sal skólans, þar sem dansað verður í kringum jólatré. Skóladegi lýkur um klukkan 12:00. Frístund verður opin fyrir nemendur sem þar eru skráðir.

Kennsla hefst á nýju ári með samræðu foreldra, nemenda og kennara **3. og 4. janúar samkvæmt útsendu fundarboði** frá umsjónarkennurum í netpósti. Viðtalsboð verða send út fimmtudaginn 20. desember. Kennsla samkvæmt stundskrá hefst að afloknum viðtölum mánudaginn 7. janúar samkvæmt stundskrá.



## Þróunarverkefni um rafrænt nám

Verkefnið gengur út á að þróa aðferðir til að auka fjölbreytni í kennslu með aðstoð tölvu- og upplýsingatækni.

Meginmarkmið verkefnisins er m.a. :

- að efla sjálfstæði nemenda í námi
- að nemendur læri að nýta rafrænt nám á hagnýtan hátt í einstaklingsmiðuðu námi
- meta allt vinnuframlag nemenda óháð staðsetningu
- bæta líðan og efla áhuga nemenda í námi
- bæta árangur nemenda
- auka gæði og fjölbreytni í kennsluáðferðum
- auka þekkingu og efla endurmenntun kennara í rafrænni kennslu

Bergþóra aðstoðarskólastjóri



Kennari astoðar nemanda að setja upp námsefni í i-pad í einstaklingsmiðuðu námi

## Brekkuskóli

v/Skólastíg  
600 Akureyri  
sími 462-2525  
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

## Desember 2012

|     |   |  |  |  |  |          |
|-----|---|--|--|--|--|----------|
| 2.  | 3.<br>Hakk, spaghetí,<br>grænmeti og ávextir                                    | 4.<br><b>Morgunmóttaka 5 b</b><br>Gufusoðin ýsa, kartöflur,<br>rúgbrauð, tómatsósa,<br>grænmeti og ávextir | 5.<br>Grísa snitsel, kartöflur,<br>rauðkál, grænar baunir,<br>salat og ávextir | 6.<br>Ýsa með karrýostasósu,<br>kartöflur, grænmeti og<br>ávextir            | 7.<br><b>Morgunmóttaka 7.– 8. b</b><br>Aspassúpa, brauð, álegg,<br>grænmeti og ávextir | 8.       |
| 9.  | 10.<br>Gufusoðin ýsa, kartöflur,<br>rúgbrauð, tómatsósa,<br>grænmeti og ávextir | 11.<br>Hakkbuff, kartöflumauk,<br>grænar baunir, sósa,<br>grænmeti og ávextir                              | 12.<br>Snakk ýsa, kartöflur,<br>grænmeti og ávextir                            | 13.<br>Steiktur kjúklingur,<br>kartöflur, maisbaunir,<br>grænmeti og ávextir | 14.<br>Skyr, brauð, álegg,<br>grænmeti og ávextir                                      | 15.      |
| 16. | 17.<br>Brauðaður fiskur,<br>kartöflur, grænmeti og<br>ávextir                   | 18.<br>Hakkbollur, kartöflur,<br>rauðkál, brún sósa,<br>grænmeti og ávextir                                | 19.<br><b>Spiladagur</b><br>Björkeby ýsa, kartöflur,<br>grænmeti og ávextir    | 20.<br><b>Litlu jólin</b>  | 21.<br>Jólaleyfi   | 22.      |
| 23. | 24.<br>Jólaleyfi  | 25.<br>Jólaleyfi   | 26.<br>Jólaleyfi   | 27.<br>Jólaleyfi   | 28.<br>Jólaleyfi   | 29. des. |
| 30. | 31.<br>Jólaleyfi  | 1. janúar.<br>Jólaleyfi  | 2.<br><b>Starfsdagur</b><br><br>Frístund opin                                  | 3.<br><b>Viðtöl</b><br><br>Frístund opin                                     | 4.<br><b>Viðtöl</b><br>Frístund opin   | 29. des. |



### Skák-kennsla

Í vetur munum við geta boðið upp á smávegis skákkennslu **fyrir 1. - 4. bekk** nemendum að kostnaðarlausu. Það sem af er vetri hefur 4.-6. bekkur fengið þessa kennslu en núna gerum við hlé þar og bjóðum yngri nemendum að koma.

Það er **Andri Freyr** nemandi í 10. bekk sem sér um kennsluna í samstarfi við okkur. Andri Freyr hefur teflt skák í 6 ár. Hann er skólaskákmeistari Brekkuskóla sem og skólaskákmeistari Akureyrar ásamt því að vera kjördæmismeistari Norðurlands eystra.

Á námskeiðinu verður manngangurinn kenndur. Farið verður yfir einföld mát eins og að máta með drottningu, kóng á móti kóngi, hrók og kóng á móti kóngi og heimaskítmát. Farið verður líka lauslega yfir eina byrjun, ítalska leikinn, sem er mjög einföld og kennd krökkum sem eru að byrja að læra. Í lok hvers tíma mun krökkunum gefast tækifæri til að tefla hvort við annað 1 - 2 skákir.

Tímarnir eru á **Þriðjudögum á bókasafni skólans frá 14:20-15:00** og kennslan hófst þriðjudaginn 20. nóvember. Kennnt verður fram að jólafríi (5 skipti). Fyrstu tímarnir eru vel sóttir. Full stofa af áhugasömum börnum og nokkrum foreldrum.

Vinsamlega staðfestið þátttöku með tölvupósti til [stella@akureyri.is](mailto:stella@akureyri.is).

Ef nemendur eru í Frístund mun ég láta Bryndísi vita hverjir eiga að fara þangað.

Stella deildarstjóri